



**Virknir blindra og sjónskertra einstaklinga
á atvinnualdri 18 – 67 ára**

Þjónustu – og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga

2014

Höfundar:

Bryndís Sveinsdóttir

Elín Marta Ásgeirsdóttir

Halldór Sævar Guðbergsson

Steinunn Þórdís Sævarsdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Staða atvinnumála erlendis.....	4
Staða atvinnumála á Íslandi.....	6
Staða menntamála á Íslandi og erlendis	7
Mikilvægi starfsendurhæfingar	7
Aðferð.....	9
Framkvæmd.....	9
Niðurstöður.....	11
Virgni eftir aldurshópum	13
Virgni eftir kyni.....	16
Virgni eftir búsetu.....	17
Menntun notenda.....	19
Starfsendurhæfing.....	20
Umræða	21
Munur á atvinnuþátttöku karla og kvenna.....	22
Menntun blindra og sjónskertra.....	23
Lokaorð	24
Heimildaskrá	25

Inngangur

Markmið Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blindra, sjónskerta og daufblinda einstaklinga (hér eftir nefnd Miðstöð) er að auka möguleika þeirra sem eru blindir, sjónskertir og daufblindir til virkni og þátttöku á öllum sviðum samfélagsins. Hlutverk hennar er meðal annars að stuðla að því að blindir og sjónskertir geti stundað nám, vinnu og annars konar virkni til jafns við aðra en einnig að hafa yfirsýn yfir aðstæður blindra og sjónskertra og afla þekkingar um málefni þeirra (Lög um Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blindra, sjónskerta og daufblinda einstaklinga nr. 160/2008).

Notendur Miðstöðvarinnar eru á öllum aldri, börn, eldra fólk og fólk á atvinnualdri. Stærstur hluti notenda er eldra fólk og framan af fengu eldri borgarar og börn mestu þjónustuna hjá Miðstöðinni en minni þjónusta var í boði fyrir fólk á atvinnualdri. Þjónusta við þann hóp hefur hins vegar verið að eflast undanfarin misseri og þótti ástæða til að kanna stöðu hans nú. Ákveðið var að skoða atvinnumál, menntun og annars konar virkni hjá blindum og sjónskertum á aldrinum 18-67 ára sem hafa verið í þjónustu hjá Miðstöðinni.

Á Miðstöðinni er nú starfrækt sértakt atvinnualdursteymi sem samanstendur af atvinnu- og virkniráðgjafa, náms- og starfsráðgjafa, félagsráðgjafa og sálfræðingi. Hlutverk teymisins er að meta stöðu notenda á atvinnualdri og aðstoða fólk eftir bestu getu við að komast í virkni hvort heldur er vinna, nám eða annars konar virkni.

Með því að kanna virkni notenda á atvinnualdri fást mikilvægar upplýsingar um aðstæður blindra og sjónskertra hér á landi sem nýtast í starfi Miðstöðvarinnar. Úttekt sem þessi hefur ekki áður verið gerð á vegum Miðstöðvarinnar.

Staða atvinnumála erlendis

Í erlendum rannsóknum á stöðu og velferð blindra og sjónskertra hefur sjónum einkum verið beint að börnum og eldra fólki en langflestir blindir og sjónskertir eru í síðarnefnda hópnum. Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) er talið að 285 milljón manna séu blindir eða sjónskertir í heiminum og þar af eru 82% blindra og 65% sjónskertra eldri en 50 ára. Með hækkandi meðalaldrir fólks almennt í heiminum má gera ráð fyrir að fjölgi í þessum hópi (WHO, 2013).

Mun minna hefur verið fjallað um stöðu fólks á atvinnualdri. Tölur um atvinnu og virkni hjá blindum og sjónskertum erlendis eru af skornum skammti en í mörgum löndum virðast ekki vera til nægar eða jafnvel nokkrar upplýsingar um atvinnuþátttöku blindra og sjónskertra (European Labour

Market Report, 2004). Þó fundu höfundar nokkrar samantektir um málefnið frá ýmsum löndum og heimssvæðum, sumar nokkuð nýlegar en aðrar eldri.

Fyrsta má nefna skýrslu *Berufsförderungsinstitut Steiermark* (2004), austurrískrar stofnunar, sem sérhæfir sig í atvinnuendurhæfingu og endurmenntun meðal annars blindra og sjónskertra á atvinnumarkaði í ESB ríkjunum. Í henni kemur fram að þegar skýrslan var gerð árið 2004 var atvinnuleysi á meðal blindra og sjónskertra afar mikið í flestum löndum sem upplýsingar fengust frá. Í Danmörku var atvinnuleysið 69%, Finnlandi 55%, Noregi 68%, Þýskalandi 72%, Króatíu 50%, Ungverjalandi 77% og Póllandi 70%. Á sama tíma var almennt atvinnuleysi mun minna í þessum löndum eða frá 2,5–20%.

Frá Ástralíu eru til tölur frá árinu 2012 í skýrslu *Vision Australia* (2012) sem er stofnun sem sinnir þjónustu við blinda og sjónskerta þar í landi. Í rannsókn sem gerð var á stöðu blindra og sjónskertra á vinnumarkaði kom fram að 64% þeirra sem spurðir voru, voru ekki í vinnu en af þeim voru 59% skráðir atvinnulausir og sögðust vilja fá vinnu. Almennt atvinnuleysi í landinu er um 14% svo ljóst er að atvinnuleysi á meðal blindra og sjónskertra er fjórfalt meira. Einnig kom fram að einn þriðji þátttakenda sem var í vinnu sagðist vilja vinna meira en í boði var (*Vision Australia*, 2012).

Atvinnuleysi á meðal blindra og sjónskertra Bandaríkjamanna hefur ævinlega verið mikið (Bell og Mino, 2013). Vinnuálastofnun Bandaríkjanna, *The Bureau of Labour Statistics*, safnaði saman tölum um stöðu blindra og sjónskertra á vinnumarkaði árið 2010. Samkvæmt þeim voru 38% blindra og sjónskertra á aldrinum 16–64 ára í vinnu, 13% voru atvinnulausir og 56% voru skilgreindir sem ekki á vinnumarkaði, það er, hvorki atvinnulaus né í vinnu. Árið 2012 var atvinnuþátttaka blindra og sjónskertra í Bandaríkjunum komin niður í 31% (*American Foundation for the Blind*, 2014).

Bell og Mino (2013) rannsökuðu stöðu blindra og sjónskertra einstaklinga á atvinnualdri (18–70 ára) í Bandaríkjunum. Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna hver staða atvinnu, menntunar, virkni og endurhæfingar væri hjá þessum hópi. Þar kom meðal annars í ljós að því meiri menntun sem fólk var með þeim mun líklegra var það til að vera í vinnu. Þá hafði menntunarstig einnig áhrif á tekjur, þ.e. því meiri menntun þeim mun hærrí tekjur. Í fyrri rannsóknum hefur einnig verið sýnt fram á svipaðar niðurstöður (Bell og Mino, 2013).

Staða atvinnumála á Íslandi

Hér á landi hefur verið gerð ein rannsókn á stöðu blindra og sjónskertra á vinnumarkaði sem höfundar vita um en það er rannsókn Ólafíu K. Guðmundsdóttur frá árinu 2007 fyrir Blindrafélagið. Þá var könnuð staða félagsmanna Blindrafélagsins á aldrinum 18-67 ára, í atvinnu- og menntamálum. Hringt var í alla þáverandi félagi á aldrinum 18–67 ára til að spyrjast fyrir um stöðu þeirra, meðal annars um atvinnuþátttöku, nám og tekjur en alls fengust svör frá 127 manns. Af þeim reyndust þá 63% félagsmanna vera í vinnu, 5,5% í námi og 31,5% heima. Í ljós kom að 79,5% höfðu ekki fengið neina starfsendurhæfingu en 18,9% höfðu fengið endurhæfingu en samkvæmt samþykkt Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) frá árinu 1983 um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra, eiga allir fatlaðir að hafa aðgang að starfsendurhæfingu (Félagsmálaráðuneytið, 1983).

Þátttakendur voru einnig spurðir hvort þeir væru ánægðir eða óánægðir með stöðu sína og voru svörin flokkuð eftir því hvort fólk var í vinnu, námi eða heima. Niðurstöður voru mjög skýrar þar sem þeir sem voru í vinnu eða námi voru mun ánægðari með stöðu sína en þeir sem voru heima. Af þeim sem voru á vinnumarkaði voru langflestir ánægðir með stöðu sína eða 83% sem sögðust annað hvort mjög eða frekar ánægðir. Aðeins 8% svarenda voru frekar eða mjög óánægðir með stöðu sína. Sömu sögu var að segja um þá sem voru í námi en þar voru tæplega 80% mjög eða frekar ánægðir en enginn eða 0% voru frekar eða mjög óánægðir með stöðu sína. Annað var uppi á teningnum hjá þeim sem voru heima en þar voru rúmlega 31% frekar eða mjög ánægðir með stöðu sína, 5% mjög ánægðir en 26% frekar ánægðir. Rúmlega 46% voru frekar eða mjög óánægðir með stöðu sína, 15% voru frekar óánægðir en 31% mjög óánægðir. Samkvæmt þessu eru þeir sem eru á vinnumarkaði eða í námi mun ánægðari með stöðu sína en þeir sem eru heima (Ólafía K. Guðmundsdóttir, 2007).

Félagsvísindastofnun kynnti nýlega niðurstöður rannsóknarinnar *Fatlað fólk og öryrkjar sem íbúar sveitarfélaga* (2014) þar sem aðstæður og reynsla íbúa sveitarfélaganna sem eru fatlaðir og öryrkjar er könnuð en rannsóknin var unnin fyrir Öryrkjabandalag Íslands. Ein af niðurstöðum hennar var að 49% þátttakenda voru hvorki í vinnu, skóla, atvinnuleit, dagþjónustu eða í annars konar úrræði. Þá reyndust 20% svarenda vera á almennum vinnumarkaði án stuðnings, 9% voru í námi, 12% í endurhæfingu, 5% voru sjálfstætt starfandi, 4% í dagþjónustu, 4% í verndaðri vinnu og 2% í atvinnuleit. Þátttakendur í rannsókninni voru allir skráðir öryrkjar hjá Tryggingastofnun Ríkisins en meirihluti blindra og sjónskertra eru á skrá sem öryrkjar.

Almenn atvinnuþátttaka hér á landi er með mesta móti og samkvæmt nýjustu skýrslu Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu, OECD, um atvinnuþátttöku í OECD löndum mælist atvinnuþátttaka mest á Íslandi eða 81,7%. Á þetta við um allt vinnuafli á aldrinum 15 til 64 ára. Samanborið við önnur lönd innan OECD er munurinn töluverður, en þar mældist atvinnuþátttaka 65,3% árið 2013. Atvinnuþátttaka íslenskra kvenna er sú mesta sem mælist á meðal allra landanna eða 79,6%. Íslenskir

karlar lenda í öðru sæti yfir mesta atvinnuþátttöku eða 83,7%, aðeins í Sviss er hlutfall karla sem vinna hærra en á Íslandi eða 85,2% („Mest atvinnuþátttaka hér“, 2014).

Staða menntamála á Íslandi og erlendis

Helstu upplýsingarnar um menntunarstig blindra og sjónskertra erlendis fengust frá Bandaríkjunum. Samkvæmt tölum frá 2012 hafa 11,9% blindra og sjónskertra Bandaríkjamanna lokið háskólaprófi og 29,1% eru með framhaldsskólamenntun (Disability Statistics, e.d.).

Ekki eru til tölulegar upplýsingar um menntun blindra og sjónskertra á Íslandi svo höfundar viti til en í þessari úttekt er ætlunin að kanna hver hún er. Hingað til hafa ekki margir blindir og sjónskertir einstaklingar á Íslandi lokið háskólanámi, en menntunarstigið hjá blindum og sjónskertum hefur verið að hækka undanfarin ár. Þjónustu við blindra og sjónskerta í háskóla var framan af ábótavant en staðan í dag er allt önnur og hefur þjónustan við þennan hóp verið að aukast. Notendum Miðstöðvarinnar sem fara í háskólanám hefur fjölgað verulega á síðustu árum og má það að stóru leyti þakka góðu aðgengi að námsefni og auknu samstarfi við námsráðgjafa háskólanna. Menntun er mjög mikilvæg því eftir því sem blindir og sjónskertir mennta sig meira því meiri líkur eru á að viðkomandi fái vinnu og góðar tekjur í framtíðinni (Bell og Mino, 2013).

Mikilvægi starfsendurhæfingar

Til að einstaklingar með fötlun nái aftur góðri líkamlegri og andlegri heilsu eftir veikindi eða slys er mikilvægt að þeir fái endurhæfingu við hæfi svo þeir geti aftur orðið virkir þjóðfélagsþegnar (VIRK starfsendurhæfingarsjóður, e.d.^b).

Samkvæmt rannsókn Bell og Mino (2013) hefur menntun og starfsendurhæfing áhrif á atvinnumöguleika blindra og sjónskertra. Þegar þátttakendur voru spurðir að því hvað var þeim mikilvægast í starfsendurhæfingunni þá nefndu þeir helst; aðstoð við að finna vinnu, aðstoð við fá menntun eða þjálfun við hæfi, stuðningur og ráðgjöf. Flestir töldu að starfsendurhæfingin hefði hjálpað þeim að auka starfshæfni þeirra og 39% töldu að endurhæfingin hefði hjálpað þeim að fá vinnu. Eins töldu flestir að eftir starfsendurhæfinguna væru þeir orðnir samkeppnishæfir við hina ófötlugu þegar kom að því að sækja um störf. Þá kom fram að 48,5% þátttakenda voru atvinnulausir áður en þeir fóru í starfsendurhæfingu á meðan einungis 18% þátttakenda voru í fullri vinnu. Eftir að hafa fengið endurhæfingu voru 37% þátttakenda í fullri vinnu (Bell og Mino, 2013).

Í október 2012 tóku gildi ný lög á Alþingi, *Lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012*, en þau eiga að tryggja einstaklingum með skerta starfsgetu í kjölfar veikinda eða slysa rétt á atvinnutengdri starfsendurhæfingu. Þar segir meðal annars:

Í lögum þessum merkir atvinnutengd starfsendurhæfing ferli sem felur í sér ráðgjöf og úrræði fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu í kjölfar veikinda eða slysa til að auka starfsgetu þeirra og stuðla markvisst að endurkomu þeirra til vinnu að fullu eða að hluta.

Með þessum nýju lögum er tryggður réttur allra til starfsendurhæfingar óháð atvinnuþátttöku.

Í starfsendurhæfingu er:

...miðað að því að einstaklingur sem býr við veikindi eða fötlun öðlist eins góða líkamlega, andlega og félagslega færni og unnt er og í henni felast öll þau úrræði sem stuðla að virkri þátttöku einstaklings í samfélaginu.

(VIRK starfsendurhæfingarsjóður, (e.d.).^b).

VIRK starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun sem ýmsir aðilar vinnumarkaðarins standa að, þ.m.t. stéttarfélög, Alþýðusamband Íslands og Samtök Atvinnulífsins. VIRK var stofnað árið 2008 og kemur að starfsendurhæfingu fólks sem hefur dottið út af vinnumarkaði í kjölfar veikinda eða slysa (VIRK starfsendurhæfingarsjóður, e.d.).^a Í þessari úttekt var meðal annars kannað hvort notendur Miðstöðvarinnar hefðu fengið starfsendurhæfingu hjá VIRK.

Aðferð

Hópurinn samanstóð af 243 sjónskertum og blindum einstaklingum á aldrinum 18–67 ára sem eru á skrá hjá Miðstöðinni. Teknir voru út alls 55 notendur, þar af voru 43 fjölfatlaðir (MDVI). Ástæða þess að þeir voru teknir út er að ætlunin er að skoða þann hóp sérstaklega síðar. Þetta á til dæmis við um einstaklinga sem eru með þroskaskerðingu og/eða aðrar fatlanir, búa á sambýlum eða eru í dagúrræðum. Tólf manns voru ekki hafðir með þar sem litlar upplýsingar voru til um þá. Þá voru eftir 186 einstaklingar sem voru á atvinnualdri 18-67 ára árið 2013. Þar af voru 102 karlar og 84 konur.

Þeir sem eiga rétt á að fá þjónustu hjá Miðstöðinni eru eftirfarandi; sjónskertir, lögblindir og daufblindir. Sjónskertir hafa læknisfræðilega greiningu sem sýnir að sjón er minni en 30% á betra auga með venjulegum sjónglerjum og sjónsvið innan við 20 gráður. Lögblindir eru með læknisfræðilega greiningu um að sjón sé minni en 10% með venjulegum sjónglerjum og innan við 10 gráðu sjónsvið. Hjá daufblindum fer saman sjón- og heyrnarskerðing sem takmarkar athafnasemi og hamlar þátttöku í samfélaginu í slíkum mæli að þörf er á sértækri þjónustu, laga þarf umhverfi að þörfum viðkomandi eða nýta sérstakan tækniþúnað til að mæta þörfum hans (Lög um Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, 2008).

Framkvæmd

Ákveðið var að skoða stöðu notenda á aldrinum 18-67 ára og þær upplýsingar sem leitað var eftir voru; kyn, aldur, sjónskerðingarflokkur, búseta, atvinna, nám og önnur virkni, menntun, og hvort viðkomandi hefði fengið þjónustu frá VIRK starfsendurhæfingu. Þessar upplýsingar eru samantekt á þeim upplýsingum sem til voru í skráningarkerfi Miðstöðvarinnar og eru þær órekjanlegar. Ekki voru til upplýsingar um alla notendurna.

Þegar rætt er um að notendur séu í vinnu þá er bæði átt við að þeir séu í fullu starfi og hlutastarfi og bæði í störfum á almennum vinnumarkaði og í verndaðri vinnu. Þegar talað er um að notendur séu í námi getur það verið framhaldsskólanám, háskólanám og annað nám, og bæði fullt nám og hlutanám. Með annarri virkni er átt við að fólk sé í fyrirfram skipulagðri virkni svo sem sjálfböðastarfi, dagþjónustu/dagúrræði, endurhæfingu, félags- og nefndarstörfum. Einnig telst regluleg íþróttaiðkun til annarrar virkni.


Notendum var skipt eftir því hvort þeir voru í vinnu, námi, virkni eða atvinnuleit. Þeir gátu að sjálfsögðu tilheyrt fleiri en einum flokki en hver og einn var þó aðeins skráður í einn flokk. Ef

notandi var í vinnu var það skráð þannig en ekki líka í námi eða annarri virkni. Ef notendur voru ekki í vinnu en í námi var það skráð í námi en ekki í annarri virkni. Fólk var aðeins skráð í annarri virkni ef það var virkt að einhverju leyti en var hvorki í vinnu né námi.


Fyrst var skoðuð virkni alls hópsins, því næst var virkni skoðuð eftir aldurshópum. Einnig var könnuð virkni hjá konum annars vegar og körlum hins vegar, og eftir því hvort fólk bjó á höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðinni. Auk þessa var athugað hvaða menntun fólk hafði og hvort fólk hefði fengið endurhæfingu frá VIRK starfsendurhæfingu.

Niðurstöður


Fyrst voru breyturnar aldursdreifing, kyn og sjónskerðingarflokkur skoðaðar. Aldursdreifingu hópsins má sjá á mynd 1. Þar kemur fram að almennt eru flestir í elsta hópnum og notendum fækkar eftir því sem þeir eru yngri. Sjá má að karlarnir voru fleiri en konurnar eða 55,3% á móti 44,3% (mynd 2). Þessu næst var skoðað hlutfall sjónskertra og lögblindra á aldrinum 18-67 ára en þar reyndust 24,5% vera sjónskertir og 75,5% lögblindir (mynd 3). Einnig var skráð hvort fólk byggi á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni og kom í ljós að 25% notenda bjó á landsbyggðinni og 75% á höfuðborgarsvæðinu (mynd 4).




Mynd 1. Aldursdreifing í hópi notenda 18-67 ára.



Mynd 2. Notendur Miðstöðvar á atvinnualdri 18-67 ára skipt eftir kyni (%).



Mynd 3. Hlutfall sjónskertra og lögblandra á aldrinum 18-67 ára (%).



Mynd 4. Búseta notenda á aldrinum 18-67 ára, landsbyggðin og höfuðborgarsvæðið (%).


Virkni eftir aldurshópum

Þegar kom að því að greina virkni notenda var byrjað á að kanna virkni allra notenda á aldrinum 18-67 ára en þar reyndust 47,3% vera í vinnu, 13,3% í námi, 11,7% í annarri virkni, 12,2% í engri virkni, 2,1% voru skráð atvinnulaus og voru því í atvinnuleit og ekki var vitað um virkni 13,3% notenda (mynd 5).


Næst var notendum skipt í þrjá flokka eftir aldri. Í yngsta aldurshópnum, 18 – 30 ára, voru 16% að vinna, 68% voru í námi, 8% í annarri virkni, 4% í engri virkni og ekki var vitað um virkni hjá 4% (mynd 6).

Hjá notendum á aldrinum 31 – 59 ára reyndust 57,9% vera í vinnu, 5% voru í námi, 8,3% í annarri virkni, 2,5% voru atvinnulaus, 14,9% voru í engri virkni og ekki var vitað um virkni hjá 11,6% (mynd 7).


Hjá notendum á aldrinum 60-67 ára reyndust 35,7% vera í vinnu, 4,8% voru í námi, 23,8% voru í annarri virkni, 9,5% voru í engri virkni, 2,4% voru atvinnulausir og ekki var vitað um virkni hjá 23,8% (mynd 8).




Mynd 5. Virkni notenda á atvinnualdri 18 – 67 ára (%).



Mynd 6. Virkni notenda á aldrinum 18 – 30 ára (%).




Mynd 7. Virkni notenda á aldrinum 31-59 ára (%).




Mynd 8. Virkni notenda á aldrinum 60 – 67 ára (%).

Virgni eftir kyni

Virgni var einnig skoðuð eftir kyni. Hjá körlum voru 59,6% í vinnu, 10,6% í námi, 9,6% í annarri virgni, 8,7% í engri virgni, 1% atvinnulaus og ekki vitað um virgni hjá 10,6% (mynd 9). Hjá konunum voru 32,1% í vinnu, 16,7% í námi, 14,3% í annarri virgni, 3,6% atvinnulaus, 16,7% ekki í virgni og ekki vitað um virgni hjá 16,7% (mynd 10).




Mynd 9. Virgni hjá notendum í hópi karla (%).




Mynd 10. Virknir hjá notendum í hópi kvenna (%).

Virknir eftir búsetu

Virknir var greind hjá notendum eftir búsetu. Hjá notendum á höfuðborgarsvæðinu voru 46,1% í vinnu, 12,1% í námi, 19% í annarri virkni, 4% atvinnulaus, 17% í engri virkni og ekki vitað um virkni hjá 19% (mynd 11). Á landsbyggðinni voru 51,1% í vinnu, 17% í námi og 6,4% í annarri virkni 12,8% í engri virkni og ekki vitað um virkni 12,8% notenda (mynd 12).




Mynd 11. Virkni notenda á höfuðborgarsvæðinu (%).



Mynd 12. Virkni notenda á landsbyggðinni (%).

Menntun notenda

Menntun notenda var könnuð en þar kom í ljós að notendur með háskólapróf eru 20,7%, 8% með stúdentspróf, 12,2% með iðnmenntun, 4,8% með heilbrigðismenntun, 4,8% með starfsnám, 3,2% eru útskrifaðir af starfsbraut, 21,8% hafa lokið grunnskólaprófi, 2,1% hafa ekki lokið grunnskólaprófi og ekki er vitað um menntun 22,3% notenda (mynd 13).




*Heilbrigðismenntun sem ekki er á háskólastigi

Mynd 13. Menntun notenda á aldrinum 18 – 67 ára (%).

Starfsendurhæfing

Að síðustu var skoðað hversu margir hefðu fengið þjónustu frá VIRK starfsendurhæfingarsjóði en eins og sjá má á mynd 14 höfðu 2% notenda fengið þjónustu, 44% ekki fengið þjónustu og hjá 54% notenda var ekki vitað hvort þeir hefðu fengið þjónustu.



Mynd 14. Hlutfall notenda sem hafa fengið þjónustu frá VIRK starfsendurhæfingu (%).

Umræða

Samkvæmt þessari úttekt eru að minnsta kosti 47,3% blindra og sjónskertra á atvinnualdri á Íslandi í vinnu sem þýðir að atvinnuþátttaka hjá þessum hópi er mikil hér á landi að minnsta kosti ef hún er borin saman við önnur lönd. Lítið er til af upplýsingum um stöðu atvinnumála hjá blindum og sjónskertum í Evrópu. Þær upplýsingar sem höfundar fundu voru frá árinu 2004 og má leiða að því líkur að staða atvinnumála hjá þessum hópi hafi að einhverju leyti breyst á um áratug. Samkvæmt þeim er þó ljóst að í öllum þeim löndum sem áttu til og veittu upplýsingar var mikið atvinnuleysi á meðal blindra og sjónskertra. Til dæmis var atvinnuleysi á meðal blindra og sjónskertra í Danmörku 69% og í Noregi 68% árið 2004 en þetta eru lönd sem við berum okkur gjarnan saman við (European Labour Market Report, 2004). Þá hefur komið fram að 64% blindra og sjónskertra í Ástralíu voru ekki í vinnu árið 2012 (Vision Australia, 2012) og samkvæmt tölum frá Bandaríkjunum voru einungis 31% blindra og sjónskertra á atvinnualdri þar í landi í vinnu árið 2012 (American Foundation for the Blind, 2014).

Atvinnuþátttaka blindra og sjónskertra samkvæmt þessari úttekt er samt sem áður nokkuð minni en kom fram í rannsókn Ólafíu K. Guðmundsdóttur um stöðu félagsmanna í Blindrafélaginu frá árinu 2007, en þar var atvinnuhlutfall 63%. Hafa þarf í huga að í þeirri rannsókn er ekki notað sama úrtak og í þessari úttekt auk þess sem aðferðafræðin er önnur. Ekki allir notendur hjá Miðstöð eru félagar í Blindrafélaginu. Hér er nokkuð stór hópur, eða 13,3%, skráður í flokkinn ekki vitað, þ.e. voru hafðir með í úttektinni þrátt fyrir að ekki hefðu fengist upplýsingar um hvort þeir væru í vinnu eða ekki. Þá voru í þessari úttekt notendur sem vitað var um að væru með fjölfatlanir (MDVI) teknir út og það kann einnig að skekkja myndina. Því eru ekki forsendur fyrir því að bera tölurnar frá 2007 saman við niðurstöðurnar í þessari úttekt.

Á Íslandi er lítið atvinnuleysi almennt og hefur hér ávallt verið mikil atvinnuþátttaka sem kann að skýrast af því meðal annars að við erum fámenn þjóð og að hér er rík vinnumenning. Það er því öllum mikilvægt að fá að taka virkan þátt og fá að skila einhverju til samfélagsins. Vinnan er hluti af okkar sjálfsmýnd og að sjálfsögðu vilja flestir borgarar fá að taka þátt í að byggja upp þetta samfélag sem við búum í og þar eru blindir og sjónskertir ekki undanskildir. Brýnt er að auka tækifæri þessa hóps til að sækja sér nám eða störf við hæfi. Það mætti til dæmis gera með því að efla náms- og starfsendurhæfingu og að vera í meira samstarfi við VIRK starfsendurhæfingarsjóð. Hingað til virðast ekki margir notendur Miðstöðvarinnar hafa farið í starfsendurhæfingu hjá VIRK. Líkleg skýring á því gæti að hluta til verið sú að VIRK tók ekki til starfa fyrr en árið 2008 og því er ekki komin mikil reynsla á þetta úrræði. Auk þess tóku lögin um atvinnutengda starfsendurhæfingu og

starfsemi starfsendurhæfingarsjóða ekki gildi fyrr en árið 2012 og því er eðlilegt að ekki hafi margir notendur nýtt sér þá þjónustu sem þar er í boði. Vert að skoða hvort ráðlegt væri að beina fleiri notendum Miðstöðvarinnar í starfsendurhæfingu hjá VIRK.

Eins og kom fram hér að ofan er atvinnuþátttaka hér á landi mest allra OECD-ríkja eða 81,7%. Borið saman við okkar niðurstöðu, þ.e. að að minnsta kosti 47,3% blindra og sjónskertra eru í vinnu, virðumst við eiga nokkuð langt í land með að jafna atvinnuþátttöku blindra og sjónskertra við almenna atvinnuþátttöku hjá þjóðinni. Hlutfall blindra og sjónskertra sem vinna gæti hins vegar verið hærra en hér kemur fram þar sem ekki var vitað um virkni 13% hópsins. Mikilvægt er að vinna meira með þennan aldurshóp til dæmis með því að beina fleirum í starfsendurhæfingu því sýnt hefur verið fram á að líklegra er að þeir sem hafa fengið starfsendurhæfingu fái vinnu en þeir sem enga starfsendurhæfingu hafa fengið (Bell og Mino, 2013). Nokkuð sláandi er að lesa niðurstöður rannsóknarinnar *Fatlað fólk og öryrkjar sem íbúar sveitafélaga* (2014), en samkvæmt henni eru 49% fatlaðra sem tóku þátt í rannsókninni hvorki í vinnu, skóla, dagþjónustu eða í virkri atvinnuleit. Niðurstöður þessarar úttektar benda til þess að hópur blindra og sjónskertra á atvinnualdri standi betur að vígi þegar kemur að námi og starfi.

Forvitnilegt væri að kanna hvaða þættir standa í vegi fyrir því að blindir og sjónskertir séu á vinnumarkaði. Meðal ástæðna gætu verið skortur á atvinnutækifærum, ekki nógu gott aðgengi og skortur á starfsendurhæfingu. Einn þáttur gæti verið tregða atvinnurekenda til að fjárfesta í hjálpartækjum fyrir hinn blinda eða sjónskerta, en samkvæmt núgildandi lögum er gert ráð fyrir að atvinnurekandi greiði fyrir slíkan búnað eins og til dæmis tölvuhugbúnað sem er alla jafna afar dýr. Nefna ber þó einnig einn þátt sem án efa hefur mikil áhrif á atvinnumöguleika blindra og sjónskertra til góðs, en það er leigubílaþjónusta Blindrafélagsins og nokkurra sveitarfélaga, til dæmis Reykjavíkur, Seltjarnarness og Akureyrar. Hún gerir blindum og sjónskertum kleift að komast til og frá vinnu með leigubíl gegn vægu gjaldi.

Munur á atvinnuþátttöku karla og kvenna

Samkvæmt niðurstöðunum eru tæplega 60% karla í vinnu en einungis rúmlega 32% kvenna. Ekki er ljóst hvað skýrir þennan mun á milli kynjanna. Hugsanlegt er að karlar séu oftast fyrirvinna heimilisins og að konurnar séu þá frekar heima til að hugsa um heimili og börn. Hins vegar má benda á að atvinnuþátttaka íslenskra kvenna almennt er 79,6% á meðan hún er aðeins lítillega meiri hjá körlum eða 83,7%. („Mest atvinnuþátttaka hér“, 2014). Kynjamunurinn hvað atvinnuþátttöku varðar er því mun meiri hjá blindum og sjónskertum en kynjamunur almennt á Íslandi. Kanna þyrfti hvaða ástæður geta verið fyrir lítilli atvinnuþátttöku kvenna í þessum hópi og í framhaldi af því leita leiða

til að fjölga blindum og sjónskertum konum á vinnumarkaði. Til dæmis mætti skoða hvort blindar og sjónskertar konur hafi af einhverjum ástæðum færri atvinnutækifæri en blindir og sjónskertir karlar, t.d. vegna viðhorfa atvinnurekenda eða hvort viðhorf kvenna til atvinnu gæti verið annað en hjá körlum. Benda má á að hér eru niðurstöður um mun á virkni milli kynja nokkuð í takt við niðurstöður í rannsókninni *Fatlað fólk og öryrkjar sem íbúar sveitarfélaga* (2014) en samkvæmt henni eru fleiri konur (51%) ekki í virkni en karlar (43%).

Þegar munur á virkni eftir aldri er skoðaður sést að hæsta hlutfallið hjá þeim sem vinna er á aldrinum 31-59 ára eins og búast mætti við (57,9%). Hlutfall þeirra sem vinna hefur minnkað í aldurshópnum 60-67 ára (35,7%) en þá hefur hlutfallið sem stundar aðra virkni aukist; í hópnum 31-59 stundar 8,3% aðra virkni en 23,8% í hópnum 60-67 ára. Stærstur hluti þeirra sem eru í námi (68%) eru í yngsta aldurshópnum 18-30 ára eins og ef til vill mætti búast við.

Hærra hlutfall blindra og sjónskertra á landsbyggðinni stundar vinnu en á höfuðborgarsvæðinu og þar er einnig hærra hlutfall notenda í námi. Þá má benda á að hlutfall blindra og sjónskertra sem býr á landsbyggðinni er 25% en 75% búa á höfuðborgarsvæðinu en hjá Íslendingum almennt er hlutfallið 35% á landsbyggðinni en 65% á höfuðborgarsvæðinu (Hagstofa Íslands, ed).

Menntun blindra og sjónskertra

Í niðurstöðum þessarar úttektar kom fram að 13% notenda stunda nám og stærstur hluti yngsta aldurshópsins (18-30 ára) stundar einhvers konar nám eða 68% sem hlýtur að teljast nokkuð hátt hlutfall. Notendum Miðstöðvarinnar sem fara í háskólanám hefur fjölgað verulega á síðustu árum og má það að miklu leyti þakka góðu aðgengi að námsefni og auknu samstarfi við námsráðgjafa háskólanna.

Samkvæmt niðurstöðum þessarar úttektar eru tæp 21% með háskólapróf, 33% með einhvers konar framhaldsskólamenntun, hvort sem um er að ræða, stúdentspróf, iðnmenntun, heilbrigðismenntun, starfsnám eða starfsbraut og tæplega 22% með grunnskólapróf. Þess ber að geta að ekki kemur fram hvort viðkomandi stundaði nám og fékk próf fyrir eða eftir sjónmissi. Samkvæmt tölum um menntunarstig blindra og sjónskertra Bandaríkjamanna frá 2012 hafa 29.1% lokið framhaldsskóla og 11.9% lokið háskólaprófi (Disability Statistics, e.d.). Menntunarstig hér á landi virðist því vera herra.

Lokaorð

Að vera virkur í samfélaginu og taka þátt eru sjálfsgöð mannréttindi og nokkuð sem við flest metum mikils. Í kjölfar áfalla eins og að lenda í alvarlegum veikindum eða slysum hættir fólk oft að vinna og því er gott til þess að vita að allir eigi rétt á að fá náms- og starfsendurhæfingu til að komast aftur út á vinnumarkaðinn. Mikilvægt er að blindir og sjónskertir hafi tækifæri til virkni en benda má á að blindir og sjónskertir sem vinna eða stunda nám eru mun ánægðari með stöðu sína en þeir sem eru ekki í virkni (Ólafía K. Guðmundsdóttir, 2007). Hætt er við að þeir sem ekki stunda einhverskonar virkni verði félagslega einangraðir. Öll virkni er góð hvort sem það er að vinna, mennta sig, stunda íþróttir, sækja námskeið, vinna sjálfboðavinnu eða sitja í nefndum. Að fara út og hitta annað fólk er öllum hollt enda er maður manns gaman. Því meira sem blindir og sjónskertir taka þátt í samfélaginu því sýnilegri verða þeir, sem dregur úr fordómum. Auk þess er jákvætt að hafa sýnilegar fyrirmyndir á atvinnumarkaði. Í kjölfar sjónmissis skerðist starfsgeta fólks, en með aðstoð hjálpartækja og ráðgjafar er hægt að aðstoða fólk við að lifa eins eðlilegu lífi og hægt er.

Heimildaskrá

American Foundation for the Blind. (2014, janúar). *Interpreting Bureau of Labour Statistics Employment Data*. Sótt 24. febrúar 2014 af <http://www.afb.org/info/blindness-statistics/interpreting-bls-employment-data/24>

Bell, E. C., Mino, N. M. (2013). Blind and Visually Impaired Adult Rehabilitation and Employment Survey: Final Results. *Journal of Blindness Innovation and Research*, 3.

Berufsförderungsinstitut Steiermark. (2004). *European Labour Market Report*. Sótt 26. febrúar 2014 af <http://eurochance.brailcom.org/download/labour-market-report.pdf>.

Disability Statistics. (e.d.). *Find U.S. disability statistics in 3 easy step*. Cornell University. Employment and Disability Institute. Sótt 4. júní 2014 af <http://disabilitystatistics.org/reports/acs.cfm?statistic=9>.

Félagsmálaráðuneytið (júní, 1983). *Samþykkt nr. 159 um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra*. Sótt 26. febrúar 2014 af <http://www.felagsmalaraduneyti.is/malaflokkar/vinnumal/ilo/nr/723>

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. *Fatlað fólk og öryrkjar sem íbúar sveitarfélaga. Samantekt á helstu niðurstöðum. Janúar 2014*. Reykjavík.

Hagstofa Íslands. (e.d.). *Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2014*. Sótt 7. maí 2014 af: <http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Sveitarfelog>

Lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012.

Lög um Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga nr. 160/2008.

Mest atvinnuþátttaka hér. (2014, 23. apríl). *Morgunblaðið*. Sótt 23. apríl 2014 af http://www.mbl.is/frettir/innlent/2014/04/23/mest_atvinnuthatttaka_her/

Ólafía K. Guðmundsdóttir. (2007). *Staða blindra og sjónskertra á Íslandi: Rannsókn á stöðu félagsmanna Blindrafélagsins*. Reykjavík: Blindrafélagið.

VIRK starfsendurhæfingarsjóður. (e.d.).^a *Hlutverk og framtíðarsýn*. Sótt 10. apríl 2014 af <http://www.virk.is/is/virk/hlutverk-og-stefna>

VIRK starfsendurhæfingarsjóður. (e.d.).^b *Mikilvægi starfsendurhæfingar*. Sótt 10. apríl 2014 af <http://www.virk.is/static/files/radstefna-13.-april-2011/gudrun-sigurjonsdottir.pdf>

Vision Australia. (2012). The 2012 Employment report. Sótt 14. apríl 2014 af <http://www.visionaustralia.org/living-with-low-vision/learning-to-live-independently/employment-assistance/download-information-on-employment-services>

WHO. (2013). *Visually Impairment and Blindness*. Sótt 26. febrúar 2014 af <http://www.who.int/mediacentre/factsheets/fs282/en/>